

## Námskrá: Danska 8. bekkur

Inngangur:

Hér koma fram áherslur í greininni með hliðsjón af grunnþáttum menntunar, lykilhæfni o.s.frv.

Þessi bekkjarskrá er grundvölluð á Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Tungumál er mikilvægt tæki til að orða hugsun sína, auka víðsýni, afla sér þekkingu og að eiga samskipti við aðra. Megintilgangur dönskunnar er að nemendur öðlist góða færni til að nota tungumálið í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Að nemendur séu læsir á fjölbreytta texta og geti nýtt sér þá til gagns og gamans. Með skapandi og sjálfstæðum vinnubrögðum eiga nemendur að ná góðum tókum á tungumálinu og inntaki þess og öðlast leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Með fjölbreyttum viðfangsefnum eiga nemendur að verða nokkuð sjálfbærir á danska tungu og skilja hugsunargang þjóðarinnar, menningu og samfélag. Með dönskunáminu eiga nemendur að tileinka sér aðferðir og vinnubrögð sem hægt er að yfirfæra á nám í öðrum tungumálum. Góð kunnátta á norrænu tungumáli er að viðhalda og styrkja tengslin við aðrar Norðurlandþjóðir og með því er stuðlað að því að Íslendingar eigi greiða leið að sameiginlegri menntun og atvinnu á Norðurlöndunum, ásamt því að vera virkir þátttakendur í norrænu samstarfi.

Með nefndum grunnþáttum menntunnar þá liggur leiðin að lykilhæfi sem hverjum og einum er ætlað að ná í lok 10. bekkjar. Lykilhæfni sem stefnt er að ná er í fimm flokkum 1) tjáning og miðlun 2) skapandi og gagnrýnin hugsun 3) sjálfstæði og samvinna 4) nýting miðla og upplýsinga 5) ábyrgð og mat á eigin námi.

Tiltekinni lykilhæfni skal náð við lok 7. bekkjar. Í 8. bekk heldur vinnan áfram í skrefum upp í 10. bekk og til loka hans.

Í hverjum árgangi tekur námið mið af lykilhæfni sem ætlast er til að sé náð í lok 10. bekkjar.

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

### Námsþáttur: Hlustun

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.*

*Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.*

*Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum.*

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

### Námsþáttur: Lesskilningur

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Lesið og skilið stutta texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.*

*Skilið meginatriði í stuttum og einföldum textum.*

*Fundið afmarkaðar upplýsingar úr textum og nýtt sér þær í ýmiskonar verkefnavinnu.*

*Lesið sér til gagns og gamans með stuðningi kennara, skólasystkina, verkefnahefta og orðabóka.*

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

### Námsþáttur: Samskipti

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti

**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Geti haldið uppi samræðum með stuðningi frá viðmælanda og reyni að tileinka sé eðlilegan framburð. Lögð er áhersla á eftirfarnandi stafj/hljóð:*

**å, y, ø, æ**

*Einnig er lögð áhersla á að nemandi beri ákveðin orð rétt fram. Þessi orð tengjast megin þeimum námsbókarinnar Tænk.*

*Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.*

*Skipts á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.*

*Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.*

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

### Námsþáttur: Frásögn

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Geti sagt frá og notað þann orðaforða sem unnið hefur verið með.*

*Geti lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.*

*Flutt atriði, sagt stutta sögu og lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.*

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

Námsþáttur: Ritun

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar, stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerkin.*

*Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.*

*Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.*

*Samið stuttan texta með stuðning mynda.*

*Lítill áhersla er lögð á málfræði en málnotkun læra nemendur í gegnum texta í lesbókum. Þó eru eftirfarandi atriði málfræðinnar eftirfarandi og eiga nemendur að geta notað þau rétt í ritun: Kyn og tala nafnorða, valdar sagnir í nútíð og nafnhætti.*

## Námskrá 8. bekkjar í dönsku

### Námsþáttur: Menningarlæsi

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða.*

*Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld orðum sem hann þekkir.*

## Námskrá 8. bekkjar í danska

### Námsþáttur: Náms hæfni

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda sér námið.*

*Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.*

*Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.*

*Geti nýtt sér orðabækur, veforðasöfn, leitarvélar og leiðréttingarsöfn*



## Námskrá 8. bekkjar í danska

### Námsþáttur: Vinnubrögð og beiti

Hæfniviðmið: Hér eru tilgreind þau hæfniviðmið aðalnámskrár sem stefnt er að í viðkomandi námsþætti  
**Áherslur og megintilgangur námsþáttar er að nemandi geti við lok 8. bekkjar:**

*Geta unnið sjálfstætt og agað*

*Geta unnið með öðrum við gerð verkefna*

*Geti með einhverjum hætti áttað sig á að bak við lausn geta legið margar leiðir.*

*Geti kynnt niðurstöður úr eigin verkefnum.*

*Geti notað dönsku til daglegra nota að einhverju leiti.*

*Geti lesið og leitað sér upplýsinga.*

Leiðir að hæfniviðmiðunum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p><i>Greinin er kennd 160 mín á viku. Kennari leggur inn einstaka námsþætti sem unnið er með í tímunum. Verkefni eru unnin jöfnum höndum í skóla og heima.</i></p> <p><i>Mikilvægt er að nemendur líti á tungumálanám sem hluta af alhliða menntun til lífstíðar, sem bæði er hagnýtt og menntandi. Námið þarf að vera heildstætt og endurspegla raunverulega málnotkun.</i></p> <p><i>Mikilvægt er að nemendur tileinki sér grunnþekkingu fagsins til að geta byggt upp enn meiri þekkingu, því án hennar verður ekki byggt neitt framhald. Nemendur auka kunnáttu sína og fá meira sjálfstraust og aukið frelsi til að geta nýtt tungumálið í tali, riti, hlustun og læsi.</i></p> <p><i>Stuðst er við námsefnið Tak ásamt öðrum æfingum, kvikmyndum og fleiru.</i></p>	<p><i>Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen. 2017. Tak. Námsgagnastofnun, Reykjavík.</i></p> <p><i>Léttlestrarbækur: Sofies Dagbog</i></p> <p><i>Kvikmyndirnar: Sýndar eru valdar danskar kvikmyndir ásamt verkefnum frá kennara. Meðal þeirra eru: Karla og Katrine, (aukamynd: Klatretøsen).</i></p>	<p><i>Matsþættir í dönsku taka mið af Aðalnámskrá grunnskóla og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni. Enskunám og kennsla miðast við sjö flokka: 1. Hlustun, 2. Lesskilningur, 3. Samskipti, 4. Frásögn, 5. . Ritun, 6. Menningarlæsi og 7. Námsþæfni. Nemendur fá vitnisburð í lok haust- og vorannar þar sem þessir flokkar eru hafðir að leiðarljósi. Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum og hæfni til að nýta þá kunnáttu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklings- para- eða hópverkefni. Að stunda námið eftir bestu getu og standa skil á verkefnum er einnig tekið inn í námsmat. Nánari upplýsingar um matsþætti má finna á námsáætlun greinarinnar á heimasíðu skólans. Einkunnir eru gefnar í bókstöfum í 8. bekk og fá nemendur að sjá matskvarða fyrir hvert verkefni/ próf sem lagt er fyrir. Eins og áður segir eru hæfniviðmið sett fram í sjö flokkum í ensku og miðast allt námsmat við þá. <b>Öll vinna og ástundun nemenda er metin samhliða hverjum matsþætti fyrir sig.</b> Í lok skólaárs hefur nemandi fengið tækifæri til að sýna fram á þá hæfni sem hann býr yfir í flokkum greinarinnar og einkunn miðast við hvar hann stendur við lok skólaárs.</i></p>